

Ársskýrsla Suðurlandsdeildar 2016

Hreinn Óskarsson

Skógarvörður á Suðurlandi

Inngangur

Suðurlandsdeild sinnir rúmlega helming allra gróðursettra skóga þjóðskóga Skógræktarinnar eða um 2.200 ha svæði. Starfsvæðið nær frá Þingvöllum í vestri til Kirkjubæjarklausturs í austri og innan þess má finna stór skóglendi s.s. Haukadalskóg, Þjórsárdalsskóg, Tumastaði, Mosfell í Grímsnesi og Þórsmerkursvæðið. Unnið var að ýmsum verkefnum árið 2016 og hefur starfsfólk deildarinnar skilað góðu verki eins og undanfarin ár enda einvala starfslið hjá Suðurlandsdeild Skógræktarinnar. Um mitt ár sameinuðust Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefni í skógrækt. Stofnunin fékk nýtt nafn, Skógræktin, sem notað er í þessari skýrslu.

Starfsfólk

Starfsfólki deildarinnar hefur fækkað eftir því sem skógarnir vaxa að flatarmáli og hæð. Voru aðeins unnin 7,3 launuð ársverk hjá deildinni árið 2016. Starfsfólk hjá Suðurlandsdeild var Charles Josef Goemans sem vann við stígaviðhald og umsjón með sjálfboðaliðahópum á Þórsmörk og Goðalandi, Einar Óskarsson, verkstjóri í Haukadal, Hrafn Óskarsson, verkstjóri á Tumastöðum, Hreinn Óskarsson skógarvörður, Jóhannes H Sigurðsson aðstoðarskógarvörður, Lucile Delfosse, verkamaður á Tumastöðum, Magnús Fannar Guðmundsson, verkamaður í Þjórsárdal, og Niels Magnús Magnússon, verkamaður í Haukadal. Sjálfboðaliðar unnu um 6 ársverk, aðallega við stígagerð á Þórsmörk, en einnig voru nokkrir erlendir skógtækni- og skógfræðinemar við störf hjá deildinni 1-3 mánuði hver. Skógarvörður vann í 70% hlutastarfi og 30% starfi sem verkefnisstjóri Hekluskóga eins og undanfarin ár.

Umhverfispættir

Spretta var með ágætum í sunnlenskum skógum eins og undanfarin ár og var lítið um óværu í trjám. Lítið var af birkifræi haustið 2016, en töluvert af könglum á stafafuru og sitkagreni.

Fræsöfnun og hreinsun

Stafafurukönglum var safnað víða um land og þeir sendir til klengingar á Tumastöðum þar sem fræið var hreinsað. Alls skilaði þessi söfnun 8,8 kg af stafafurufraei.

Grisjun

Fremur lítið var grisjað árið 2016, eftir mikla vélgrisjun haustið 2015 í Haukadal. En lokið var við útkeyrslu úr þeirri grisjun haustið 2016. Unnið var að grisjun í Haukadal, Þjórsárdal og á Tumastöðum. Alls voru grisjaðir 3,2 ha af greni og furu hjá deildinni í ár.

Fjöldi trjáa sem gróðursett voru árið 2016 hjá Suðurlandsdeild.

Trjátegund			Þjórsárdalur	Þjórsárdalur			alls
	Skarfaness	Mosfell	vikrar	skógar	Haukadalur	Tumastaðir	fjöldi plantna
Alaskaösp	24.389			1.800		440	26.629
Fjallaþinur				2.040			2.040
Gráelri			440				440
Ilmbjörk			18.149		5.000		23.149
Lerkiblendingur, Hrymur			2.640				2.640
Rauðgreni				2.765			2.765
Sitka- og hvítsitkagreni	10.880		1.200	3.640		3.360	19.080
Sitkaelri	1.560						1.560
Stafafura	32.567	10.160	11.766				54.493
Ösp, græðlingar	40.000						40.000
Samtals	109.396	10.160	34.195	10.245	5.000	3.800	172.796

Gróðursetning

Gróðursettar voru 173 þúsund plöntur og græðlingar í lönd Skógræktarinnar á Suðurlandi árið 2016. Mest var gróðursett í Skarfaness í tengslum við kolefnisbindingu Landsvirkjunar, 109 þúsund, þ.a. 40 þúsund græðlingar í áraura við Þjórsá. Einnig var gróðursett í Þjórsárdal, á Haukadalsheiði, að Mosfelli og í Kollabæjarlandi. Alls var gróðursett í um 74 ha, þ.a. 18 ha endurgróðursetning í svæði þar sem rjóðurfellt hafði verið eða þurfti að fara inn með íbætur.

Ýmsar framkvæmdir

Unnið var að vegabótum á veginum að Skarfaness. Einnig voru lagfærðir vegir í Þjórsárdal frá Hjálparfossi og niður í Fauskásalæmi í Þjórsárdal í tengslum við malartöku til virkjanaframkvæmda. Þá var borið í stórt malarplan við Hjálparfoss og kantsteinar settir við bílplanið. Víðar er þörf á vegabótum, t.d. í Austmannabrekum í Haukadalsdal, en þar er vegurinn ófær eftir akstur útkeyrsluvélar. Girðingarviðhald var með hefðbundnum hætti. Girðingar voru nokkuð heillegar eftir veturinn, en víða eru kaflar sem þarf að endurnýja frá grunni. Girðingin í Mosfelli var lagfærð eftir nokkurra ára hlé.

Ferðamannastaðir og útivistarsvæði

Nokkur verkefni á ferðamannastöðum voru unnin á árinu sem styrkir fengust til úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Haldið var áfram vinnu við uppbyggingu áningarstaðar eða eldaskála á Laugarvatni. Reis þar fallett hús af grunni í sumar og er gert ráð fyrir að öllum frágangi verði lokið á svæðinu vorið 2018, en eftir er að ganga frá salernishúsi á áningarstaðnum. Við Hjálparfoss var unnið að undirbúningi þess að koma upp heilsárs salernishúsi og er stefnt að því að ljúka því verkefni sumarið 2017. Hafa framkvæmdir tafist vegna skipulagsmála, bæði deiliskipulagsvinnu og samnings um lóð á Þjóðlendu. Á Kirkjubæjarklaustri var unnið að lagfæringum á stígum og uppgræðslu vegna átroðnings ferðamanna. Á Þórsmörk og Goðalandi voru stærstu verkefni eins og undanfarið ár, unnið að endurbótum á gönguleiðum, merkingu þeirra o.fl. víða um Þórsmörkumsvæðið. Töluverð vinna var í tengsl-

um við þessi verkefni hjá starfsfólki Skógræktarinnar á Suðurlandi, en ekki hvað síst hjá skógarverði vegna umsókna um styrki og gerðar áfanga- og lokaskýrslna. Verktakar komu að gróðursetningu, áburðargjöf og fleiri verkum.

Viðarafurðir

Arinviðarsala hefur aukist stöðugt á síðustu árum og nam sala arinviðar í ár tæplega 150 m³. Lítið var selt af spíru efni í ár og voru til rúmlega 150 spíur á lager í árslok. Sala á viðarkurli var heldur minni en undanfarin ár eða um 37 m³. Ekkert var selt til Elkem frá Skógræktinni á Suðurlandi og voru til í árslok um 800 m³ af bolviði í stæðum. Jólatrijásala gekk vel og voru seld um 1.100 tré af ýmsum stærðum, auk smáræðis af greinum til jólaskeytinga. Smærri trén voru tekin í Haukadal og Þjósárdal, en torgtrén flest úr einum reit á Tumastöðum.

Arinviðarframleiðsla

Undanfarin ár hefur ösp og stafafura verið uppistaðan í arinviðarsölu. Stærstu viðskiptavinir hafa verið N1, Blómaval og Hótel Grímsborgir.

Viðarafurðir

<i>Tegund</i>	<i>ein fj.</i>	<i>m³</i>
Fura - höldupokum	690	23
Fura - grisjupokum	2.288	114,4
Ösp - höldupokum	15	0,5
Ösp - grisjupokum	30	1,5
Ösp 1 m ³		
Fura 1 m ³	7	6
Birki 1 m ³	1	1
		146,4

Viðarvinnsla hefur aukist á síðustu árum. Fletting á efni fór að mestu fram í Þjósárdal, en efni var aflað víðar, s.s. í Haukadallsskógi og á Tumastöðum. Í töflunni að neðan má sjá helstu viðarafurðir aðrar en arinvið og kurl er gerðar voru hjá Suðurlandsdeild árið 2016.

Vörutegundir	alls m³
Ösp bolviður	1,17
Vegstikur lerki	0,34
Stikur (1,3 m langar ca 6 cm þverm)	0,75
Hornstaurar lerki / greni	0,45
Staurar (3,2 m langir x 15 cm þverm)	15,27
Lerkiborð 19mm ókantað	0,08
Spíur greni 5-6m	1,43
Greniborð 50mm óköntuð	0,90
Greniborð 40mm óköntuð	0,20
Greniborð 35mm óköntuð	5,15
Greniborð 19mm óköntuð	4,08
Greniborð 19mm köntuð	1,60
Greniborð 10mm köntuð	0,96
Grenibolviður	32,95
Grenibök	1,81
Burðarviðir ýmsar þykktir/lengdir	25,00
Lektur (120x150mm x 3600mm)	15,50
Borðviður (150mm x 25mm x 3000mm)	7,90
	115,53

Jólatré og jólagreinar

Um 1.100 jólatré voru felld í Þjóðskógunum, þ.a. um 48 stk. yfir 3 m hæð, sk. torgtré. Mest var selt af stafafuru (455), þá rauðgreni (345) og blágreni (225). Um 280 kg af stafafurgreinum voru seld í hálf kg pakkningum.

Skráning framkvæmda

Framkvæmdir við grisjun og gróðursetningu hafa verið á síðustu árum skráðar í landræn upplýsingakerfi og er því ekki gerð nánari grein fyrir staðsetningu framkvæmda í þessari skýrslu.